

Könnun meðal fjármálastjóra - Haust 2016

Bjartsýni minnkar en fleiri sjá tækifæri til að auka fjárfestingar

Meðfylgjandi eru niðurstöður úr fjármálastjórakönnun Deloitte. Könnunin var sett á laggirnar að fyrirmynd Deloitte á alþjóðavísu og er tilgangur hennar að sýna mat fjármálastjóra á stöðu fyrirtækja og efnahagsumhverfisins. Þessi könnun er gerð tvisvar á ári og er þetta í sjötta sinn sem könnunin er framkvæmd. Sendur var spurningalisti til fjármálastjóra 300 stærstu fyrirtækja landsins og viljum við þakka þeim kærlega fyrir þátttökuna.

Á heildina litið eru fjármálastjórar almennt bjartsýnir á aukningu í EBITDA og tekjum á næstu 12 mánuðum, en þó ekki jafnmikið og fyrir sex mánuðum síðan. Fjármálastjórar segja almennt að fjárhagsleg áhætta síns fyrirtækis hafi staðið í stað á síðastliðnum 12 mánuðum, en einn af hverjum þremur segir að nú sé góður tími til að auka áhættu í efnahagsreikningi og stefna jafnmargir á að auka fjárfestingar á næsta árinu. Líkt og síðastliðið vor heldur gengisþróun krónunnar áfram að vera stærsti ytri áhættuþáttur fyrirtækja, en meirihluti fjármálastjóra (72%) telur að krónan muni halda áfram að styrkjast nokkuð á næstu sex mánuðum.

Fjármálastjórar eru ekki jafn bjartsýnir í garð verðþróunar hlutabréfamarkaðar (OMX18) telja fleiri líklegra að vísitalan muni haldast óbreytt miðað við fyrir ári síðan. 44% telja að vísitalan muni hækka nokkuð, samanborið við 73% haustið 2015. Jafnframt gætir minni bjartsýni til hagvaxtar, en nú telja 62% fjármálastjóra að hagvöxtur á Íslandi muni aukast á næstu tveimur árum, samanborið við 83% fyrir ári síðan.

Þrátt fyrir áætlanir ríkisstjórnar um afnám fjármagnshafta þá er meirihluti fyrirtækja (79%) ekki með neinar áætlanir um erlendar fjárfestingar eða lántökur á næstu 12 mánuðum. Þeir fjármálastjórar sem eru að horfa út fyrir landsteina eru einna helst að horfa til lántöku frá erlendum banka (10%). Á svipuðum nótum telur þriðjungur að aðgangur að fyrirgreiðslu erlendis hafi batnað á sl. 12 mánuðum.

Að lokum telja fjármálastjórar að helstu áherslur nýrra stjórnvalda í garð skattkerfisins ættu að vera einföldun á kerfinu (81%) og frekari lækking á tryggingargjaldi (72%).

Ráðgjafarsvið Deloitte veitir fyrirtækjum, lögaðilum og einstaklingum fjármálatengda þjónustu og ráðgjöf. Sérfræðingar Deloitte leitast við að tryggja að lausnin skili árangri og skilji eftir verðmæta þekkingu hjá viðskiptavininum.

Á heimasíðu Deloitte má sjá upplýsingar um þjónustuframboð Ráðgjafarsviðs Deloitte, www.deloitte.is

Hægt er að nálgast könnunina á heimasíðu Deloitte, www.deloitte.is


Ábyrgðarmaður:

Ágúst Heimir Ólafsson
Sviðsstjóri
Fjármálaráðgjöf
Sími: 580-3056
aho@deloitte.is


Tengiliður:

Lovísa Anna
Finnbjörnsdóttir
Liðsstjóri
Fjármálaráðgjöf
Sími: 580-3301
lovisa@deloitte.is

1. Hvernig telur þú áhrif Brexit viðræðna Breta við Evrópusambandið hafa á rekstur þíns fyrirtækis?




2. Hversu sátt(ur) eða ósátt(ur) ert þú við framgang aðgerðaráætlunar um losun fjármagnshafta hingað til?




Staða fyrirtækja

3. Hvernig telur þú að EBITDA í þínu fyrirtæki muni þróast á næstu 12 mánuðum?




4. Hlutfall fjármálastjóra sem sjá fram á tekjuaukningu á næstu 12 mánuðum.




Á heildina litið eru fjármálastjórar fremur bjartsýnir gagnvart aukningu í EBITDA og tekjum á næsta ári

Fjárhagsleg áhætta getur m.a. tekið til skuldsetningar, óvissu, verðmats eigna og vaxtastigs

5. Hefur fjárhagsleg áhætta fyrirtækis þíns breyst á síðustu 12 mánuðum?




6. Telur þú að nú sé góður tími til að auka áhættu í efnahagsreikningi?



Hlutfall þeirra fjármálastjóra sem telja að nú sé góður tími til að auka áhættu heldur áfram að þróast í jákvæða átt


7. Hvaða ytri áhættuþættir hafa helst áhrif á rekstur þíns fyrirtækis?




* Merkja mátti við fleiri en einn valkost

Líkt og síðastliðið vor þá heldur gengisþróun krónunnar áfram að vera stærsti einstaki ytri áhættuþættur í rekstri fyrirtækja

8. Hvernig mun ráðning nýrra starfsmanna breytast á næstu 12 mánuðum



9. Stefnir þitt fyrirtæki á fjárfestingar?




Líkt og sl. ár þá stefnir meirihluti fyrirtækja á fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum

Að óbreyttu mun ráðning nýrra starfsmanna halda áfram að þróast í jákvæða átt, líkt og síðastliðin ár

Staða fyrirtækja


10. Undir hvaða atvinnugrein fellur þitt fyrirtæki?

Flest svör fengust frá fyrirtækjum í verslun og þjónustu og iðnaði og framleiðslu




11. Hver var velta fyrirtækisins á síðasta ári?

Velta þeirra fyrirtækja sem tóku þátt í könnuninni er nokkuð jafn dreifð




Ef lítið er til baka um þrjá til sex mánuði þá virðast fjármálastjórar ekki vera jafn jákvæðir gagnvart vaxtataekifærum og fjárhagslegum horfum. Töluvert færri segja að þau hafi breyst til hins betra á síðastliðnum mánuðum

12. Hlutfall fjármálastjóra sem telja vaxtataekifæri síns fyrirtækis hafa breyst til hins betra á síðustu sex mánuðum




13. Hlutfall fjármálastjóra sem telja fjárhagslegar horfur síns fyrirtækis hafa breyst til hins betra á síðustu þremur mánuðum



14. Hvað af eftirfarandi verður lögð áhersla á innan fyrirtækisins á næstu 12 mánuðum

* Merkjja mátti við fleiri en einn valkost


Flest fyrirtæki stefna á að lækka kostnað og stækka með innri vexti. Áherslur eru næstum óbreyttar frá fyrri árum. Einna helst má nefna aukningu í fjárfestingum í samanburði við fyrri ár, ásamt því að færri ætla að draga úr skuldsetningu



Fjármögnun fyrirtækja


15. Telur þú að útgáfa nýs hlutafjár sé hagkvæm fjármögnunarleið fyrir fyrirtæki við núverandi aðstæður?

Töluverður meirihluti (79%) telja útgáfu nýs hlutafjár hagkvæma fjármögnunarleið við núverandi aðstæður. En 60% myndi segja hið sama um útgáfu skuldabréfa



■ Já ■ Nei

16. Telur þú að útgáfa skuldabréfa sé hagkvæm fjármögnunarleið fyrir fyrirtæki við núverandi aðstæður?




■ Já ■ Nei

17. Telur þú að ný lántaka hjá bönkum sé hagkvæm fjármögnunarleið fyrir fyrirtæki við núverandi aðstæður?


Tæplega 60% telja að ný lántaka hjá bönkum sé ekki hagkvæm

Aðspurðir um kostnað við nýtt lánsfé, þá telja tæplega níu af hverjum tíu að ný lántaka sé dýr




■ Já ■ Nei

18. Hver af eftirfarandi fullyrðingum telur þú að eigi við um kostnað við nýtt lánsfé fyrir fyrirtæki?




19. Hver af eftirfarandi fullyrðingum telur þú að eigi við um framboð á nýju lánsfé fyrir fyrirtæki?

Líkt og undanfarin ár telja fjármálastjórar að framboð á nýju lánsfé sé mikið. Meirihluti fjármálastjóra er þeirrar skoðunar að stýrivextir séu of háir




20. Hlutfall fjármálastjóra sem telja stýrivexti Seðlabanka Íslands of háa



21. Hver er líkleg þróun varðandi skuldsetningu fyrirtækisins á næstu 12 mánuðum?

Fleiri fyrirtæki stefna nú á að auka skuldsetningu, þrátt fyrir háa stýrivexti. Þessi niðurstaða er í samræmi við aukna áherslu á fjárfestingar á næstu 12 mánuðum




■ Haust 2016 ■ Haust 2015

Markaðs- og efnahagslegir vísar


Fjármálastjórar eru töluvert minna bjartsýnir á þróun hlutabréfaverðs en fyrir ári síðan

Sama á við um þróun hagvaxtar á Íslandi, en bjartsýni hefur minnkað töluvert á einu ári

22. Hver af eftirfarandi fullyrðingum telur þú að muni eiga við um OMXI8 vísitöluna eftir 6 mánuði?




23. Hlutfall fjármálastjóra sem telja að hagvöxtur á Íslandi muni aukast á næstu tveimur árum




Meirihluti fjármálastjóra telur að íslenska krónan muni halda áfram að styrkjast

En þeir skiptast nokkuð jafnt í fylkingar þegar kemur að því að skoða hvort eigi að taka upp fastgengisstefnu hér á landi

24. Hver af eftirfarandi fullyrðingum telur þú að muni eiga við um gengi íslensku krónunnar á næstu sex mánuðum?




25. Finnst þér koma til greina að skoða hvort taka eigi aftur upp fastgengisstefnu hér á landi í stað verðbólguþröskulmáts?




Stærsti hluti fyrirtækja hafa engar áætlanir um erlendar fjárfestingar eða lántökur á næstu 12 mánuðum, en af þeim sem hafa einhverjar áætlanir þá virðist mestur áhugi liggja í lántöku hjá erlendum banka

26. Hefur fyrirtækið þitt uppi áætlanir um nýjar fjárfestingar erlendis eða lántöku frá erlendum aðilum á næstu 12 mánuðum?




Þriðjungur fjármálastjóra sjá jákvæða þróun í aðgangi að fyrirgreiðslu erlendis frá þegar það kemur t.d að lánum og birgðafjármögnun

27. Hversu líklegt telur þú að ráðist verði í ofangreind viðskipti?



28. Hefur orðið breyting á aðgangi fyrirtækisins að fyrirgreiðslu erlendis (t.d. lánum, birgðafjármögnun o.þ.h.) sl. 12 mánuði?



Stór hluti fjármálastjóra telur að stjórnvöld eigi að leggja áherslu á einföldun skattkerfis og frekari lækkanir á tryggingargjaldi

29. Hverjar telur þú að áherslur nýrra stjórnvalda ættu að vera þegar kemur að skattkerfinu?*



* Merkja mátti við fleiri en einn valkost

Deloitte.

Undir vörumerki „Deloitte“ sameinast kraftar þúsunda sérfræðinga sem starfa hjá sjálfstæðum félögum um allan heim við að veita viðskiptavinum þjónustu á sviði endurskoðunar, ráðgjafar, fjármála, áhættustjórnunar og skattamála. Þessi félög eru aðilar að Deloitte Touche Tohmatsu Limited (DTTL), sem er breskt einkahlutafélag (private company limited by guarantee). Hvert aðildarfélag veitir þjónustu á tilteknu landssvæði og er bundið þeim lögum og fagreglum sem þar gilda. Félagið DTTL innir ekki af hendi þjónustu til viðskiptavina. DTTL og aðildarfélag þess eru aðskildir og sérgreindir lögaðilar sem ekki geta skuldbundið hvert annað. DTTL og aðildarfélag þess bera eingöngu ábyrgð á eigin gjörðum eða vanrækslu en ekki á aðgerðum hvers annars. Hvert aðildarfélag DTTL er skipulagt í samræmi við innlend lög, reglugerðir, viðskiptavenju og aðra þætti, og getur veitt sérfræðiþjónustu á starfssvæði sínu í gegnum dótturfélög, tengd félög, og/eða önnur félög.

Deloitte veitir bæði opinberum aðilum og einkafyrirtækjum í fjölmörgum atvinnugreinum endurskoðunar-, skatta-, ráðgjafar- og fjármálaþjónustu. Alþjóðlegt sérfræðinet Deloitte tengir saman sérfræðinga í 150 löndum þannig að saman fari ítarleg staðbundin þekking og alþjóðleg hæfni, viðskiptavinum til hagsbóta. Hjá Deloitte starfa um 220.000 sérfræðingar sem stefna saman að því að veita ávallt framúrskarandi þjónustu.

Enginn aðili í sérfræðineti Deloitte skal gerður ábyrgur fyrir tjóni sem kann að verða hjá þeim sem reiðir sig á þetta rit.

Höfundaréttarvarið © 2016 Deloitte Global Services Limited / Deloitte ehf.